

Hvað er á seyði um helgina?

Sýningar — bókmenntakynning — tónleikar — íþróttir

FRIMEX 1982 AÐ KJARVALSSTÖÐUM

Frimerkjasýningin FRIMEX 1982 var opnuð fimmtudaginn 19. ágúst. Hún er haldin í tilefni af 25 ára afmæli Félags frimerkjasafnara. Verður hún opin fram til mánudagsins 23. ágúst.


A sýningunni verður sérstök heiðursdeild þar sem sýnd verða 46 áður óþekkt umslög sem komið hafa í leitirnar við skráningu skjala í Þjóðskjalasafni. Hér er um að ræða einn merkasta og stærsta fund gamalla íslenskra frimerkja sem sögur fara af og þykir frimerkjaáhugamönnum þetta mikill fengur. A sýningunni verða meðal annars 10 umslög sem frimerkt eru með fyrstu íslensku frimerkjunum, skildingamerkjunum sem gefin voru út ári 1873, auk bréfa með auramerkjum sem notuð voru hér á landi á árunum 1876 til 1902. Eru þar á meðal mörg bréf, einstök í sinni röð, með frimerkjum sem áður voru óþekkt eða afar fágæt á bréfum.

A sýningunni verða einnig mörg erlend söfn sem fengið hafa viðurkennningar á sýningum erlendis, safn gamalla íslenskra póstkorta og Póst- og símamálastofnunin mun sýna


gamla póstmuni. A sunnudeginum milli klukkan 14 og 17 verður í gangi skiptimarkaður með frimerki og mynt. Sérstakt pósthús verður opið á sýningunni alla dagana svo og verzlun þar sem seld verða umslög og sýningarblokk sem félagið hefur látið gera.

-ÓEF.

Umslag úr embættisskjalasafni landfógeta sem verður til sýnis á afmælissýningu Félags frimerkjasafnara um helgina.



Sýningar



Tónleikar

Staffan Larsson, Anna Guðný Guðmundsdóttir og Chrichan Larsson munu halda tónleika í Norræna húsinu á sunnudaginn.

Þrjú ungir hljómlistarmenn í Norræna húsinu

Staffan Larsson fiðuleikari, Chrichan Larsson sellóleikari og Anna Guðný Guðmundsdóttir pianóleikari halda tónleika í Norræna húsinu á sunnudagskvöld. Þau munu flytja verk eftir Sveinbjörn Sveinbjörnsson, Hans Eklund, Brahms og Beethoven. Tónleikarnir hefjast klukkan 17.00.

Staffan og Chrichan Larsson eru

fæddir í Stokkhólmi og hlutu fyrstu tónlistarmenntun sína við Tónlistarháskólann þar. Síðan skildu leiðir þeirra bræðra. Chrichan hélt til Parísar og Sviss en Staffan til London. Kennarar Chrichans hafa verið G. Gröndahl, P. Boufil, R. Flachat og M. Rostropovitj. Staffan náut leiðsagnar M. Parikian og W. Pleeth í London.

Anna Guðný hefur lokið þriggja ára námi við Guildhall School of Music and Drama í London. Þar nam hún hjá James Gibb og Gordon Back. Hún lauk post-graduate diploma í kammarmúsík síðasta vor.

Fyrir tónleikana munu miðar fást við innganginn.

-SKJ.

Eva Werdenic-Maranda:

Gestur Langbróka sýnir grafík og keramikverk

Eva Werdenic-Maranda sýnir um þessar mundir grafík- og keramikverk í Gallerí Langbrók. Eva fæddist árið 1950 í Hainburg við Dóná. Árið 1969 hóf hún myndlistarnám í Vín en að námi þar loknu hélt hún til framhaldsnáms í Póllandi. Eva vinnur jöfnum höndum að keramik og grafík. A sýningunni í Gallerí Langbrók sýnir hún þó fleiri grafíkmyndir en keramikverk. Gallerí Langbrók er opið frá klukkan 12 til 18, mánudaga til föstudaga.

-SKJ.

Myndlist

Hér sjást nokkrir af keramikmunum sem Eva Werdenic-Maranda sýnir í Gallerí Langbrók. Hún sýnir einnig grafíkmyndir.

DV-myndir S.

